

Alþingi
Erindi nr. P 143/1375
komudagur 31.3.2014

31.3.2014

Athugasemd vegna: Þrjú þingmál tengd aðildarviðræðum við ESB til umsagnar

Vegna beiðnar um athugasemd (<http://www.althingi.is/vefur/frett.html?nfrettnr=2190>) og með tilliti til undirskrifta á síðunni <http://thjod.is/> (53.306 undirskriftir þegar þessi athugasemd er skrifuð) - þá vil ég spyrja:

- Hvað þarf að gera til þess að beiðni um beina lýðræðislega aðkomu nái fram að ganga? (ef ekki hægt, af hverju?)
- Hversu margar undirskriftir þarf til þess að mál komist á dagskrá alþingis? (talnabil er ásættanlegt svar, ef ekkert talnabil - af hverju ekki?)
- Hvaða aðrar leiðir en kosningar á fjögurra ára fresti, hefur þjóðin til þess að hafa áhrif á dagskrá alþingis og niðurstöður mála? (ef engar, af hverju?)

Ef engin lög kveða á um aðkomu þjóðarinnar utan kosninga á fjögurra ára fresti, hvað þarf til að þau séu búin til í sátt við þjóðina? Með tilliti til þess þá er eðlilegt að krefjast þess að afgreiðslu þessara mála sé frestað þangað til slík lög verða til.

Hversu langan tíma myndi það taka að semja slík lög? Af hverju svo langan tíma?

Með bestu þökk og kveðju,
Björn Leví Gunnarsson